

Fundargerð 98. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: mánudagurinn 10. júní 2024 klukkan 16:20 á Teams og í FSN. Fundurinn er blanda af stað- og fjarfundum.

Björg Ágústsdóttir (formaður) í FSN kom seinna á fund, Kristinn Jónasson á Teams, Helga Guðmundsdóttir í FSN, Gerður Björk Sveinsdóttir á Teams, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari í FSN, Hermann Hermannson mannauðsstjóri í FSN, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara í FSN og Guðrún Jóna Jósepsdóttir í FSN, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari setti fund að beiðni Bjargar Ágústsdóttur formanns sem kom á fundinn undir lið 9.

Dagskrá:

1. Staða innritunar

Skólameistari hefur afgreitt umsóknir nýnema og samþykkt 37 nemendur sem eru með FSN í fyrsta og öðru vali. Þessir 37 nemendur eru 73% af þýði sem samanstendur af 51 nemanda sem eru á upptökusvæði skólans. Það eru 27 nemendur með FSN sem fyrsta val eða 53%. Á haustönn 2023 hófu 57% nemenda af upptökusvæði skólans nám við FSN. Árið 2015 var FSN með 80% nemenda af upptökusvæði skólans sem telst mjög gott.

FSN hefur hafið samstarf við Ásgarðsskóla sem er skólinn í skýjunum og fer skólastarf fram í gegnum netið. Einhverjir Skýja-nemendur hafa sótt um skólavist við FSN á haustönn 2024.

Nú hafa 54 fjarnemendur skráð sig í nám við skólann og þeim mun sjálfsagt fjölga.


2. Námsframboð haust 2024

Hermann fór yfir þá áfanga sem eru í boði við FSN á haustönn 2024. Áfangarnir eru listaðir á heimasíðu skólans. Nánast allir áfangar eru líka í boði í fjarnámi. DANS2LH05, er danska, á 2. þrepi og er 5 eininga áfangi.

Í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er boðið upp á nám til stúdentsprófs á fimm námsbrautum. Við skólann er hægt að ljúka styttra námi af framhaldsskólabraut 1 eða 2. Við Fjölbrautaskóla Snæfellinga er einnig starfsbraut en hún er mjög lítil.

3. Gjaldtaka fyrir fjarnám

Skólagjöld í fjarnámi voru hækkuð árið 2023 og hér má sjá gjaldskrá. Nemendur í fjarnámi eru að fá mjög góða þjónustu og var því gripið til þess ráðs að hækka gjöldin en þau höfðu ekki verið hækkuð í mörg ár. Við höldum að nemendum í fjarnámi myndi fækka en það gerðist ekki.



4. Samningur um skólaakstur

Skólameistari upplýsti fundinn um að samningaviðræður við Strætó væru í gangi en ljóst er að Strætó mun ekki ná að þjónusta nemendur FSN haustið 2024. Það hefur verið ákveðið að semja við Rútuferðir ehf. til áramóta.

5. Skóladagatal 2024-2025

Skólameistari fór yfir skóladagatal 2024-2025 sem er á heimasíðu skólans. Skólasetning og fyrsti kennsludagur á haustönn 2024 er mánudagurinn 19. ágúst kl. 08:30.

6. Samráðsfundur vegna Framhaldsdeildar á Patreksfirði

Starfsmenn FSN héldu samráðsfund um framhaldsdeild FSN á Patreksfirði með heimafólki og hagaðilum þann 22. maí 2024. Á fundinum var meðal annars framtíð deildarinnar rædd, en í deildinni eru mjög fáir nemendur. Fundurinn var vel sóttur og sköpuðust góðar umræður milli hagaðila. Skólameistari skrifaði grein um fundinn og birtist hún í Skessuhorni þann 5. júní 2024. Fundurinn vann SVÓT greiningu um deildina og framtíð hennar.

7. Niðurstaða náms á vorönn


Skólameistari sagði að nemendur FSN hefðu skila 3504 einingum á vorönn 2024 sem samsvarar 117 ársnemendum. Vorannir eru alltaf minni en haustannir. FSN fær greitt fyrir 150 ársnemendum. Meðaleinkunnin úr öllum áföngum skólans var 6,5.

8. Útleiga á eldhúsi og sölum skólans

Vangaveltur um útleigu á eldhúsi og sölum skólans. Ákveðið var að endurskoða gjaldskrá, bera saman við aðrar gjaldskrár og bera undir skólanefnd haust 2024.

9. Önnur mál

- Þann 18. september er fyrirhugaður mjög stór forvarnardagur við FSN sem er samstarfsaðila allra viðbragðsaðila á Vesturlandi.
- Starfsmenn við FSN eru að fara í skólaheimsóknir til Porto í Portúgal í september. Alls eru 21 starfsmenn af 25 í starfsmannafélaginu að fara.
- Það verður haldið upp á 20 ára afmæli FSN þann 30. ágúst 2024. Það verður meðal annars opið hús. Boðsgestir fá einnig boð á sérstaka hátíðardagskrá. Starfsmenn FSN munu svo gera sér glaðan dag og fara saman út að borða um kvöldið. Hermann Hermannsson, formaður afmælisnefndar lét vita að undirbúningur væri í gangi og væri einmitt fyrirhugaður fundur í afmælisnefnd á morgun. Boðskort og boðslisti er í vinnslu. Þess má geta að verið er að safna saman myndum. Davíð Svanur Hafþórsson mun koma fram. Stórsveit FSN mun koma saman að þessu tilefni og skemmta afmælisgestum. Hrafnhildur er búin að panta stóran skjá sem verður settur upp í anddyri FSN. Það stendur til að hafa flotta myndasýningu á skjánum á afmælisdaginn.



-
- Ólafur húsvörður og Rúna (Guðrún Jóna) fjármálastjóri eru að skrá niður upplýsingar um FSN og Jeratún sem eiga að prentast á tvö skilti innanhúss og eitt skilti utanhúss, þar sem Sigurhæðir stóðu.
 - FSN fékk að gjöf rólubekk frá fjölskyldu Berglindar Rósu Jósepsdóttur. Bekkurinn er í Beggulundi þar sem fjölskyldan og starfsmenn FSN hafa plantað trjám. Skólameistari lýsti yfir vilja til þess að starfsmenn eða nemendur muni planta trjám árlega í Beggulund.
 - Skólameistari mun vekja athygli á 20 ára afmæli skólans sem verður þann 30. ágúst 2024 í sumar á facebook, heimasíðu, Jökli og Skessuhorni.

Fulltrúar úr skólanefnd FSN enduðu fundinn á því að skoða mötuneyti FSN.

Fundi slitið klukkan 17:35.